

AUGLÝSING
um breytingu á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings
nr. 949/2009, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 3. málsl. 2. mgr. 12. gr. starfsreglnanna koma þrír nýir málsliðir sem orðast svo:
Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknanir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 22. nóvember 2018.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2018